

Kafli 8 – Félagsfræði, frávik og afbrot: síðari hluti

Spurningar úr efni bls. 249-261.

1. Hverjar eru helstu tegundir brota á Íslandi samkvæmt réttarheimildum?
2. Hvað eru auðgunarbrot?
3. Hver er munurinn á þjófnaði og gripdeild?
4. Á hvern hátt getur verið flókið að flokka afbrot samkvæmt félagsfræði?
5. Hver er helsti gallinn við afbrotatölfræði?
6. Hvernig fer dæmigert val á afbrotamanni fram?
7. Rannsóknir í Bandaríkjunum sýna að fátækir eru mun líklegri en efnaðir til að verða handteknir og sakfelldir fyrir brot. Hvernig stendur á þessu?
8. Hvað eru hvítflibbabrot?
9. Hvað einkennir afbrot án fórnarlamb?
10. Stundum er sagt að í afbrotum án fórnarlamb séu fórnarlömb samt sem áður til staðar? Hvernig má það vera?
11. Hvað einkennir svokallaða skipulagða glæpi?
12. Hvað einkennir fjölþjóðlega glæpi?

13. Hvernig má útskýra ástæður fyrir harkalegum refsingum (refsilögum)?
14. Hvernig má útskýra ástæður fyrir mildum refsingum (skaðabótalögum)?
15. Hvað höfum við því til sönnunar að útskýringar á refsingum í anda refsilaga og skaðabótalaga séu ekki alltaf í samræmi við veruleikann?
16. Hvernig þjóna fangelsi samfélaginu?
17. Hvaða rök eru fyrir því að umhverfi fangelsa ýti undir frekari afbrotahneigð afbrotamanna?
18. Hver eru rök klassíska sjónarhornansins fyrir refsingum?
19. Hver eru rök pósitífíska sjónarhornansins fyrir refsingum?
20. Hvað rök eru fyrir því að fælingarmáttur harkalegra refsinga virki ekki?
21. Hvaða rök eru fyrir því að fátækt og menntunarskortur séu ekki endilega aðalorsakavaldur afbrota?
22. Hvaða afleiðingar getur svokölluð sjúkdómsvæðing afbrota haft í för með sér?
23. Hvaða rök setur Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur fram fyrir því að misnotkun fíkniefna sé ekki endilega bein orsök afbrotahegðunar?
24. Hverjar eru helstu niðurstöður rannsóknar á félagslegri stöðu fanga sem Fangelsismálastofnun ríkisins stóð að árið 2003?

25. (Hópverkefni) Eru refsingar réttlátar á Íslandi? Hvort styðjið þið klassíska sjónarhornið eða pósitífiska sjónarhornið varðandi refsingar? Hvernig sjáið þið refsingar fyrir ykkur á Íslandi í framtíðinni? Er hægt að uppræta afbrot í samfélaginu í eitt skipti fyrir öll?